Alþingi
Erindi nr. Þ 137/232
komudagur 16.6. 2009

Alþingi
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 15.júní 2009

Efni:

Varðandi „Tiliögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, þingskjal 38" , og „Tillögu til þingsályktunar um undirbúning aðildar að Evrópusambandinu, þingskjal 54".

Ég vil leggja það til við Alþingi Íslendinga að það hafni ofangreindum þingsálykturartillögum þar sem ég tel að mjólkuriðnaði á Íslandi sé í hættu stefnt sem og hagsmunum heillar þjóðar.
Rök sem ég færi fyrir því er að við frjálsan og óheftan innflutning má búast við minnkandi markaðshlutdeild um 25 til 50% á íslenskum mjólkurvörum. Alls er óvíst hvort að framleiðsla minnki að sama magni hjá öllum mjólkurframleiðendum, heldur má búast við að mjólkurframleiðsla muni leggjast af á stórum svæðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á framtíðarbúsetu þeirra svæða, sem og afkomu margra fjölskyldna sem að mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaði kemur. Hætt er við að þau gæði og sá orðstír sem íslenskur mjólkuriðnaðurinn hefur skapað sér í gegnum áratuga reynslu, rannsóknavinnu, menntun og þjálfun starfólks verði að engu, því gera má ráð fyrir því að smásölukeðjurnar sjái sjálfar um innflutninginn á erlendum mjólkurvörum og geti því í framhaldi af krafti stærðar sinnar, stjórnað því hvernig framleiðsla á íslenskum mjólkurvörum verði stunduð hér á landi til frambúðar.
Ég tel það nauðsyn að fyrir liggi heilstætt mat á hagsmunum íslensku þjóðarinnar áður en að sótt er um aðild að ESB, því frjáls og óheftur innflutningur mun hafa mikil og ófyrirsjáanleg áhrif á íslenskt atvinnulíf og engin vissa er fyrir því að þau áhrif verði afturkræf og afleiðingarnar er ómögulegt að meta.

Þess vegna vil ég ítreka það við Alþingi Íslendinga að hafna umræddum þingsályktunartillögum.

Guðni Hannes Guðmundsson
Kt: 201072-3529
Mjólkurfræðingur og ostagerðarmaður
Drekagili 24
603 Akureyri